

Starfsskýrsla Breiðafjarðarnefndar árið 2000



Votlendi eins og í Gufufirði hefur hátt náttúruverndargildi og telur nefndin brýnt að gera heildaráætlun um landslagsvernd enda njóta landslagsgerðir eins og sjávarfítjar og leirur sérstakrar verndar sbr. lög um náttúruvernd.

Skýrsla Breiðafjarðarnefndar til umhverfisráðherra fyrir árið 2000.

Í árslok 1995 skipaði umhverfisráðherra Breiðafjarðarnefnd til næstu fjögurra ára. Hlutverk nefndarinnar er að vera ráðherra til ráðgjafar um allt það er lýtur að framkvæmd laga nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar. Samkvæmt skipunarbréfi skal nefndin í samráði við sveitarfélögin láta gera verndaráætlun þar sem fram kemur hvernig ná skuli fram þeim markmiðum sem sett eru með vernd svæðisins og senda ráðherra hana til staðfestingar. Í starfi sínu skal nefndin gæta samráðs við sveitarstjórnir, náttúruverndarnefndir, Náttúruvernd ríkisins, minjaverði og yfirvöld þjóðminjamála. Umboð nefndarinnar rann út 22. desember 1999.

Skipan Breiðafjarðarnefndar

Breiðafjarðarnefnd var skipuð á ný með bréfi, dags. 9. júní 2000 og skipa eftirtaldir fulltrúar Breiðafjarðarnefnd til fjögurra ára.

- Friðjón Þórðarson fv. ráðherra, formaður, skipaður án tilnefningar, til vara Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur.
- Þórólfur Halldórsson, sýslumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurason, bóndi.
- Jóhannes G. Gíslason, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, bóndi.
- Sigurður Þórólfsson, bóndi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Trausti V. Bjarnason, bóndi.
- Jón Baldur Sigurðsson, forstöðumaður, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari.
- Ævar Petersen, forstöðumaður, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður.
- Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur.
- Ritari nefndarinnar á árinu var Sigríður Stefánsdóttir, deildarsérfræðingur í umhverfisráðuneytinu.

Störf nefndarinnar

Nefndin hélt sex fundi á árinu 2000. Auk þessa voru haldnir smærri fundir er þurfa þótti. Allir fundir nefndarinnar á árinu voru haldnir í Reykjavík nema einn fundur sem haldinn var í Stykkishólmi.

Kostnaður við störf nefndarinnar

Á fjárlögum ársins 2000 hafði Breiðafjarðarnefnd 1,5 millj. kr. til ráðstöfunar. Það er sú hin sama fjárhæð sem nefndin hefur haft handa á milli frá upphafi á ári hverju á fjárlögum.

Heildarkostnaður við fundi nefndarinnar á árinu 2000 er all hár, en búsetudreifing nefndarmanna veldur því að fundahöldum fylgir óhjákvæmilega allmikill ferðakostnaður.

Önnur mál

Breiðafjarðarnefnd fjallaði um ýmis smærri mál á árinu og afgreiddi þau erindi sem nefndinni bárust. Nánari upplýsingar um þau er að finna í meðfylgjandi fundargerðum nefndarinnar.

Starfsemi á árinu 2000

Af framansögðu leiðir, að starfstími Breiðafjarðarnefndar á árinu 2000 var ekki nema rúmlega hálf tónn, þ.e. frá 9. júní til ársloka. Á hinn bóginn naut nefndin áfram góðrar aðstöðu í skjóli ráðuneytisins skv. bréfi þess frá 1. janúar 1999, en þar var tilkynnt að frá og með þeim degi yrði starfsaðstaða Breiðafjarðarnefndar í húsnæði Íslandsbanka við Lækjargötu á 4. hæð, en þangað hafði umhverfisskrifstofa ráðuneytisins flutt starfsemi sína. Í áðurnefndu bréfi kom einnig fram að Sigríður Stefánsdóttir, lögfræðingur myndi sinna ritarastörfum nefndarinnar og fylgja eftir erindum hennar.

Snemma árs benti ráðuneytið á að rétt væri að fá Breiðafjarðarnefnd aðstöðu hjá Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi. Af ýmsum ástæðum varð ekki af þeim flutningi á árinu 2000. Í bréfi umhverfisskrifstofu til Breiðafjarðarnefndar dags. 18. desember 2000 segir svo m.a.: *Ráðuneytið hefur allt frá stofnun Náttúrustofu Vesturlands séð það sem ótvíræðan kost að nefndin fengi aðstöðu í húsnæði stofunnar enda hljóta hagsmunir hennar og nefndarinnar að fara saman auk þess sem nauðsyn samvinnu er augljós. Ráðuneytið hefur því ákveðið að frá og með næstu áramótum verði nefndin með aðstöðu í húsnæðinum Náttúrustofu Vesturlands í Stykkishólmi og njóti þjónustu hennar varðandi skrifstofuhald og ritarastörf.*

Verndaráætlun

Umhverfissráðherra var afhent fyrsta eintak af verndaráætlun fyrir Breiðafjörð þann 10. desember 1999. Með bréfi, dags. 19. júlí 2000, samþykkti ráðuneytið og staðfesti áætlunina og færði nefndinni bestu þakkir fyrir vel unnið verk. Ráðuneytið óskaði þó eftir nánari greinargerð um nokkra þætti sem varða framkvæmd áætlunarinnar og forgangsroðun verkefna. Um þessi atriði o.fl. var ítarlega fjallað á fundum í nefndinni. Með bréfi til ráðherra þann 5. desember 2000 fylgdi greinargerð Breiðafjarðarnefndar með fjárlagatillögum fyrir árið 2001. Í lok bréfsins var sú ósk borin fram að fjárveiting til nefndarinnar yrði hækkuð upp í 10

milljónir króna á fjárlögum 2001, svo að unnt yrði að ýta úr vör og þoka einhverjum verkefnum fram á við. Rætt var við ráðherra og aðra fulltrúa ráðuneytisins svo að þeir gætu gert sér grein fyrir því hvernig málin stæðu.

Hjálagðar eru að venju fundargerðir frá liðnu ári, þar sem skýrt er frá ýmsum málum sem nefndin hefur fjallað um og afgreitt.

Óski umhverfisaráðherra eftir frekari upplýsingum um störf Breiðafjarðarnefndar á árinu 2000 verða þær að sjálfsögðu veittar.

Í mars 2001
f.h. Breiðafjarðarnefndar

Friðjón Þórðarson
formaður

Breiðafjarðarnefnd

19. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 7. júlí 2000, kl. 12:00 – 15:45

Mættir: FÞ, MAS, JGG, SP, GP, ÆP, JBS, ÞH, SST

1. Formaður fer yfir umboð nefndarinnar er rann út 22. des. 1999. Nýtt skipunarbréf er dagsett 9. júní. Nefndarmenn eru: Friðjón Þórðarsson formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, landfræðingur varaformaður. Guðríður situr fundi nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétti en án atkvæðisréttar nema í fjarveru formanns.

Þórólfur Halldórsson, Patreksfirði, tilnefndur af Héraðsnefnd Vestur-Barðastrandarsýslu, til vara Hilmar Össurarson, Patreksfirði. Jóhannes Geir Gíslason, Skáleyjum, tilnefndur af Héraðsnefnd Austur-Barðastrandarsýslu, til vara Eiríkur Snæbjörnsson, Stað. Jón Baldur Sigurðsson, forstöðumaður Náttúrustofu Vesturlands, tilnefndur af Héraðsnefnd Snæfellinga, til vara Trausti Tryggvason, kennari. Sigurður Þórólfsson, Innri-Fagradal, Saurbæjarhreppi, tilnefndur af Héraðsnefnd Dalasýslu, til vara Trausti V. Bjarnason, Dalabyggð. Magnús A. Sigurðsson, minjavörður, tilnefndur af Þjóðminjaráði, til vara Guðmundur Ólafsson, fornleifafræðingur. Ævar Petersen, fuglafræðingur, tilnefndur af Náttúrufræðistofnun Íslands, Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrustofu Vestfjarða, til vara Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða.

Árni Björnsson og Rúnar Gíslason hafa látið af störfum og þakkar formaður störf þeirra.

Formaður les upp skipunarbréf nefndarinnar.

2. Starfsaðstaða.

Formaður nefnir viðtal sitt við Rögnu Ívarsdóttur forstöðumann stjórnar Náttúrustofu Vesturlands fyrr í vetur að beiðni Þórðar H. Ólafssonar skrifstofustjóra ráðuneytisins þess efnis að Náttúrustofa Vesturlands kæmi að starfi nefndarinnar þegar fram í sækti. Fram kom að RÍ átti viðtal við ÞHÓ í janúar sl. þar sem hann nefndi að ráðuneytið óskaði eftir að Náttúrustofa Vesturlands myndi gera þjónustusamning við ráðuneytið vegna þessa.

3. Fundargerð síðasta fundar lesin upp og samþykkt.

4. Verndaráætlun Breiðafjarðar.

Lagt var fram á fundinum bréf umhverfisráðuneytisins dags. 7. júlí 2000. Nefndarmenn voru sammála um að staðfesting verndaráætlunar verði forsenda fyrir áframhaldandi starfi.

JBS Leggur fram bréf frá Umhverfisstofnun Íslands sem formaður les upp.

Afgreiðsla: Senda bréf til sveitarstjórnar og Skipulagsstofnunar, afrit til ráðuneytis og einnig bréf til Landmælinga og sjómælinga.

Siv Friðleifsdóttir ráðherra heilsaði upp á nefndina.

Sigurður Á. Þráinsson deildarstjóri á skrifstofu náttúru- og auðlindadeildar var beðinn að koma á fundinn og útskýra betur fyrirvara ráðuneytisins á staðfestingu verndaráætlunarinnar skv. bréfi dags 7. júlí 2000.

SÁÞ afar ánægður með Verndaráætlunina og telur hana hið merkilegasta plagg.

FB Ítrekar þá ríku þörf að verndaráætlun verði staðfest af ráðherra hið allra fyrsta, fyrr geti nefndarstarfið ekki farið á fullt skrið.

Nefndarmenn óskuðu eftir því við SÁP að hann sendi nefndinni nýtt bréf þar sem verndaráætlunin sé samþykkt og að nýskipuð Breiðafjarðarnefnd forgangsraði verkefnum verndaráætlunarinnar.

5. Reikningar Náttúrustofnunar Íslands.

Hér er um endurgreiðslu stofnunar að ræða, kr. 123.183,- en stofnunin greiddi GP laun skv. samningi. Formaður áritar ljósrit reikningsins til staðfestingar fyrir ráðuneytið.

6. Innsend erindi.

Erindi frá Náttúrustofu Vesturlands dags. 20. júní 2000.

Umferð um Kollgrafarfjörð næst Stykkishólmi og í mynni Hvammsfjarðar.

Bréf ráðuneytisins dags. 30. júní 2000 um siglingu Sæferða í nágrenni arnarhreiðra lagt fram.

Nefndarmenn ræða beiðni og leyfi til Sæferða ehf. sbr. bréf ráðuneytisins dags. 30. júní sl.

JBS Nefnir að hann og formaður Ráðgjafanefndar um villt dýr hafi reynt að rýmka leyfið og reynt að ná sáttum um málið. Sæferðir ehf. vilja ekki gangast að þeim reglum sem þeim þó hefur verið boðið. Nauðsynlegt sé að settar verði reglur á svæðinu um för flugvéla og báta. Málinu frestað og hugleitt fram að næsta fundi.

Mannvirkjagerð í Breiðafjarðareyjum.

GP Bendir á að í dag rennur út skilafrestur vegna skipulags við Olíubirgðastöð

og Rafstöðvarhús. GP Leggur fram vinnureglur vegna Hornstranda og byggingaleyfi þar sem dæmi um reglur bygginga frístundahúsa á verndarsvæði.

Afgreiðsla: Senda Skipulagsstjórn og sveitastjórnnum þar sem vakin er athygli þeirra á 2. gr. laga um vernd Breiðafjarðar nr. 54/1995. Senda einnig afrit til Skipulagsstofnununnar ríkisins og byggingarfulltrúans í Búðardal, Gunnars Arons Jónssonar.

6. Ársskýrsla.

SST leggur fram drög að ársskýrslu við formann nefndarinnar sem hyggst ganga frá skýrslunni hið fyrsta.

7. Önnur mál.

GP Friðlýsing á Flatey hjá Náttúruvernd ríkisins. Kræklingaræktun í Kollafirði.

Erindið hefði átt að koma til umsagnar nefndarinnar. Vakinn er athygli á erindi Heilbrigðisefirlits Vesturlands sem lagt er fram. Óskað eftir að nefndin fái erindið til umsagnar. FB ætlar að fylgja málinu eftir með símtali.

Erindi Þorleifs Eiríkssonar varamanns er kynnt á fundinum. Ákveðið að biðja hann um að senda inn erindi með formlegum hætti til nefndarinnar.

Afgreiðsla. Frestað þar til formlegt erindi hefur borist frá ÞE.

Væntanlegur fundur Breiðafjarðarnefndar kl. 12, 15. ágúst í Stykkishólmi.

ÞH Leggur fram tillögu þess efnis að nefndarmenn raði verkefnum skv. verndaráætlun í forgangsröð og síðan geti menn borið saman bækur sínar á næsta fundi. Nefndarmann sammála ofangreindu verklagi.

Fundi slitið kl: 15:00.

Breiðafjarðarnefnd

20. fundur haldinn í Stykkishólmi, 15. ágúst 2000, kl. 12:00 – 15:45

Á fundinn mættu: Friðjón Þórðarson, Guðríður Þorvarðardóttir, Jón Baldur Sigurðsson, Magnús A. Sigurðsson, Ævar Petersen, Sigurður Þórólfsson og Jóhannes Gíslason.

Forföll boðuðu: Þórólfur Halldórsson og Sigríður Stefánsdóttir, ritari.

Ritari var: Guðríður Þorvarðardóttir.

1. Fundargerð síðasta fundar:

Formaður las upp fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt með fyrirvara um nokkrar athugasemdir.

2. Starfsaðstaða nefndarinnar

Óskað hafði verið eftir því að Ragna Ívarsdóttir, formaður stjórnar Náttúrustofu Vesturlands kæmi á fundinn og upplýsti fundarmenn um hugsanlegan flutning nefndarinnar frá umhverfisráðuneyti til Náttúrustofu Vesturlands. Því miður gat Ragna ekki komið á fundinn en formaður upplýsti að ekkert nýtt væri í málinu. Ævar spurði hvort það væri ósk ráðuneytisins að vista Breiðafjarðarnefnd í Stykkishólmi. Hann benti á að gera þurfi þjónustusamning, ráða ritara o.s.frv. Nefndarmenn voru sammála um að taka þurfi málið föstum tókum, starfsaðstaða megi ekki tefja störf nefndarinnar meira en verið hefur. Formanni var falið að hafa samband við umhverfisráðuneytið og óska eftir því að nefndinni verði fundin starfsaðstaða og starfsmaður. Í framhaldi verði ráðuneytinu skrifað bréf þar sem m.a. kemur fram hvaða þjónustu nefndin þurfi. Ákveðið var að Friðjón og Þórólfur geri uppkast að þjónustusamningi og kynni nefndinni á næsta fundi.

3. Verndaráætlunin:

Umhverfisráðuneytið hefur með bréfi sínu dags. 19. júlí síðastliðinn staðfest verndaráætlun Breiðafjarðar 2000-2004 með fyrirvara um að gerð verði grein fyrir eftirfarandi.

- Umfangi áætlunarinnar og einstakra verkefna,
- Heildarkostnaði við framkvæmd áætlunarinnar og einstakra verkefna,
- Forgangsröðun verkefna eftir árum
- Framkvæmdaraðilum einstakra þátta áætlunarinnar,
- Nauðsynlegum viðbótarfjárveitingum til þess að unnt verði að framkvæma áætlunina innan tímaramma hennar.

Nefndarmenn fögnuðu staðfestingu ráðuneytisins og voru sammála um að vinna samkvæmt verndaráætlun. Ákveðið var að nefndarmenn forgangsraði verkefnum fyrir næsta fund nefndarinnar og að ráðuneytinu verði í framhaldi gerð grein fyrir forgangsröðuninni. Einnig var ákveðið að óska eftir því að ráðuneytið láti fjölfalda áætlunina, kynni hana á opnum fundi og sendi hlutaðeigandi aðilum, svo sem sveitarstjórnnum, héraðsnefndum og stofnunum er vernd Breiðafjarðar kann að varða.

4. Rafstöðvarhús og olíubirgðastöð í Flatey

Breiðafjarðarnefnd hefur borist bréf Reykhólahrepps, dags. 1. ágúst síðastliðinn þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar á staðsetningu olíutanks og rafstöðvarhúss á Tröllenda í Flatey. Magnús hefur skoðað svæðið með tilliti til forminja og sagði hann m.a. að staðarval hafi m.a. verið valið m.t.t. lágmarks

hávaðamengunar fyrir þorpsbúa. Eftir að hafa skoðað yfirlitsmynd af svæðinu voru Ævar og Jóhannes sammála um að staðsetningin væri heppileg með tilliti til þess rasks sem framkvæmdinni fylgir. Breiðafjarðarnefnd samþykkir fyrir sitt leyti staðsetningu rafstöðvarhúss og olíubirgðastöðvarinnar á Tröllenda og leggur áherslu á að á framkvæmdatíma verði notað tækifæri til þess að taka til á svæðinu, en oft hefur verið kvartað undan drasli í næsta nágrenni hafnarinnar.

5. Sumarhús í landi Kirkjubóls á Bæjarnesi

Breiðafjarðarnefnd hefur borist bréf Reykhólahrepps, dags. 1. ágúst 2000 og byggingafulltrúas í Búðardal, dags. 2. ágúst 2000. Þar sem óskað er eftir umsögn nefndarinnar á byggingu sumarhúss í landi Kirkjubóls. Fram kemur á teikningu að staðsetning hússins er 65 m ofan við fjöru. Breiðafjarðarnefnd gerir ekki athugasemd við staðarval sumarhússins en minnir á gildandi reglur svo sem um friðun arnarins og vernd fornminja.

6. Ósk Þorleifs Eiríkssonar um setu í Breiðafjarðarnefnd

Þorleifur Eiríksson, forstöðumaður Náttúrustofu Vestfjarða hefur óskað eftir setu sem áheyrnarfulltrúi í Breiðafjarðarnefnd, skv. bréfi dags. 10. ágúst 2000. Þorleifur er varamaður Ævars í nefndinni, en samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar skulu Náttúrufræðistofnun Íslands og náttúrustofur á Vesturlandi og Vestfjörðum tilnefna einn fulltrúa og einn til vara í Breiðafjarðarnefnd. Í umræðunni kom m.a. fram að ef einum varamanni verður boðið að sitja fundi nefndarinnar þá skuli einnig bjóða það öðrum varamönnum. Einnig kom fram að þarna væri um forstöðumannr Náttúrustofu Vestfjarða að ræða, en í því sambandi kom ábending þess efnis að aðrar stofnanir eins og t.d. Náttúruvernd ríkisins gætu einnig óskað eftir áheyrnarfulltrúa í nefndina. Nefndarmenn fólu formanni að svara erindinu eftir að hafa ráðfært sig við umhverfisráðuneytið.

7. Vegagerð milli Eyrar í Kollafirði og Vattarness í Reykhólahreppi.

Jón Baldur dreifði bréfi Vegagerðarinnar, dags. 8. ágúst síðastliðinn ásamt kynningu á matsáætlun og óskar Vegagerðin umsagnar Breiðafjarðarnefndar um hjálagða tillögu að matsskýrslu að beiðni ritara Breiðafjarðarnefndar. Skýrslan er dags. í júlí 2000 og kemur fram undir 9. tölulíð að Breiðafjarðarnefnd hafi verið kynnt framkvæmdin, en svo er ekki. Þar sem nefndarmenn fengu skýrsluna fyrst á fundinum og uppdráttur fylgdi ekki með var ákveðið að taka erindið fyrir á næsta fundi. Jón Baldur benti á að uppdrátturinn hefði ekki verið tilbúinn.

8. Fjölrit Hafrannsóknastofnunar nr. 63, Lífríki sjávar í Breiðafirði, yfirlit rannsókna.

Jón Baldur tók að sér að fá eintök af skýrslunni fyrir nefndarmenn.

Fundi slitið kl. 15:45

Næsti fundur: dags hefur ekki verið ákveðin, en Friðjón óskaði eftir því að hann yrði fljótlega.

Breiðafjarðarnefnd

21. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 13. september 2000, kl. 14:00 - 18:30.

Á fundinn mættu: Friðjón Þórðarson, Guðríður Þorvarðardóttir, Þórólfur Halldórsson, Jón Baldur Sigurðsson, Guðmundur Ólafsson, Ævar Petersen, og Sigurður Þórólfsson. Forföll boðuðu: Jóhannes Gíslason og Sigríður Stefánsdóttir, ritari. Ritari var: Guðríður Þorvarðardóttir.

Formaður bauð fundarmenn velkomna, sagði frá því að þetta væri síðasti fundur Jóns Baldurs með nefndinni þar sem hann er búinn að taka við nýju starfi. Var Jóni þakkað gott en stutt samstarf í verndarmálum Breiðafjarðar.

Formaður dreifði dagskrá fundarins og einnig blaði Jóhannesar þar sem hann boðar forföll og kynnis skoðanir sínar á nokkrum dagskrárliðum.

1. Fundargerð síðasta fundar sem haldinn var í Stykkishólmi, 15. ágúst 2000, kl. 12:00 - 15:45.

Fundargerð samþykkt með lítilsháttar athugasemdum.

2. Fundur með fulltrúum umhverfisráðuneytisins

Kynning á fundi fulltrúa Breiðafjarðarnefndar (FÞ, GP, SS) með fulltrúum umhverfisráðuneytisins þeim Magnúsi Jóhannessyni og Þórði Ólafssyni þann 28. ágúst síðastliðinn þar sem óskað var eftir upplýsingum og afstöðu ráðuneytisins til: Starfsaðstöðu Breiðafjarðarnefndar, fjármál nefndarinnar og setu áheyrnarfulltrúa á fundum nefndarinnar.

- Friðjón og Guðríður kynntu niðurstöður fundarins. Meðal þess sem fram kom var að Þórður Ólafsson hafði í janúar síðastliðinn óskað eftir því að Friðjón ræddi við Rögnu Ívarsdóttur, formann stjórnar Náttúrustofu Vesturlands um vistun Breiðafjarðarnefndar hjá stofunni. Þórði var bent á að í janúar 2000 var ekki búið að skipa fulltrúa í Breiðafjarðarnefnd og Friðjón því umboðslaus. Einnig hefur Breiðafjarðarnefnd ekki borist erindi ráðuneytisins um það að tilhögun sbr. bréf ráðuneytisins frá janúar 1999 um starfsaðstöðu og ritara nefndarinnar eigi að breyta. Nefndarmenn voru sammála um að ekki væri tímabært að ræða um breytta högun á vistun nefndarinnar enda ekki komið skriflegt erindi frá umhverfisráðuneytinu eins og lofað var á áðurnefndum fundi með fulltrúum ráðuneytisins.
- Bent var á að ef nefndin verður flutt frá ráðuneytinu geti orðið um verulega aukin útgjöld af annars naumum fjárframlögum til nefndarinnar, þ.e. 1.5 milljónir árið 2000 og skv upplýsingum sem fram komu á fundinum er tillaga ráðuneytisins fyrir árið 2001 óbreytt upphæð.
- Þar sem brýnt er að Breiðafjarðarnefnd hafi fasta starfsaðstöðu og ritara. Samþykkt var að skrifa ráðuneytinu og spyrja hvort ráðuneytið hafi í hyggju að breyta fyrirkomulagi nefndarinnar frá því sem kynnt var í áðurnefndu bréfi ráðuneytisins frá janúar 1999 og þá hvernig.
- Á fundinum var einnig leitað álits ráðuneytisins á setu áheyrnarfulltrúa í Breiðafjarðarnefnd, þ.e. í samræmi við beiðni forstöðumanns Náttúrustofu Vestfjarða. Það var skoðun ráðuneytisins að ekki væri réttlætanlegt að Náttúrustofa Vestfjarða fengi sæti fyrir áheyrnarfulltrúa en Breiðafjarðarnefnd

gæti hinsvegar boðið varamönnum að sitja fundina sem áheyrnarfulltrúar svo framarlega að kostnaður við setuna væri alfarið á þeirra ábyrgð.

- Niðurstaða nefndarinnar var að hafna beiðni Náttúrustofu Vestfjarða um setu áheyrnarfulltrúa þar sem stofan ásamt Náttúrustofu Vesturlands og Náttúrufræðistofnun Íslands eiga samkvæmt lögum um vernd Breiðafjarðar sameiginlegan fulltrúa í nefndinni og einn til vara.

3. *Forgangsröðun verkefna skv. verndaráætlun.*

- Nefndarmenn fóru yfir verkefnalista áætlunarinnar og var ákveðið að ritari taki saman niðurstöður og sendi nefndarmönnum. Á milli funda verði síðan unnið að svari við bréfi ráðuneytisins frá 19. júlí síðastliðinn og borin fram ósk um fjárframlög fyrir næsta ár.

4. *Erindi Vegagerðarinnar dags. 8.8. 2000 vegna fyrirhugaðrar vegagerðar milli Eyrar í Kollafirði og Vattarnes í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu.*

- Þórólfur Halldórsson mætti á kynningarfundum Vegagerðarinnar um fyrirhugaðar vegaframkvæmdir í Reykhólahreppi, Austur Barðastrandarsýslu 26. ágúst sl. í Króksfjarðarnesi. Nefndarmönnum var sýnd leiðin á korti sem unnið er eftir nýlegum loftmyndum í lit. Í botni Skálmarfjarðar liggur vegurinn yfir áreyrar nokkuð ofan við fjöru. Við Kollafjörð þar sem vegurinn liggur næst sjó er hann að mestu í núverandi vegstæði. Við Sveinungseyri er farið niður fyrir núverandi vegstæði og niður í fjöru en ofan við núverandi veg er mikið klapparholt. Óskað var eftir nánari upplýsingum um fjöruna neðan við Sveinungseyri og kom fram að þar er um að ræða grjótfjöru með bólupangi. Nefndarmenn voru sammála um að óska eftir rannsóknaskýrslum sem nefndar eru í tölulíð 8 a, b, og c, þ.e. um fuglalíf, fjörur, gróðurfar og fornleifakönnun.
- Niðurstaða nefndarinnar er að gera ekki athugasemd við legu vegarins samkvæmt uppdrætti og lýsingu Vegagerðarinnar. Hinsvegar óskar Breiðafjarðarnefnd eftir nánari upplýsingum um efnistökusvæði ef þau falla innan verndarsvæðisins skv. lögum um vernd Breiðafjarðar.

5. *Erindi Vegagerðarinnar dags. 16.8.2000 vegna frumáætlunar að vegagerð um Kolgrafafjörð.*

Erindinu fylgdu eftirfarandi gögn: Kort sem sýna legu vegarins, skýrslur Líffræðistofnunar Háskólans, Kolgrafafjörður - Rannsóknir á flóru og gróðri, höf. Þóra Ellen Þórhallsdóttir, des. '99 og Rannsóknir á lífríki í Kolgrafafirði - Fuglar, fjörur og sjávarbotn, höf. Agnar Ingólfsson, nóv. '99, skýrsla Fornleifafræðistofnunar, Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum fyrirhugaðrar vegagerðar frá Berserkseyri að Vindási í Eyrarsveit, Snæfellssýslu, höf. Bjarni F. Einarsson.

Vegagerðin óskar eftir umsögn Breiðafjarðarnefndar á leið 1 með byggingu stuttrar brúar.

Að mati nefndarmanna mun stutt brú hafa sömu afleiðingar og vegaframkvæmdin yfir Gilsfjörð. Einnig kom fram að í skýrslu Agnars Ingólfssonar er lagst gegn leið 1 með stuttri brú og er það m.a. vegna margæsa og rauðbrystings. Jón Baldur benti einnig á að í nýlegum rannsóknum Jóns B. Pálssonar og Einars Hjörleifssonar kemur fram að uppeldisstöðvar skarkola eru í fjöru Kolgrafafjarðar en slíkar uppeldisstöðvar er búið að skemma við Lárós og í Gilsfirði vegna framkvæmda. Guðmundur benti á að leið 1 fari yfir fornminjar.

Niðurstaða nefndarinnar er að leggjast gegn leið 1 með stuttri brú þar sem ekki er tryggt að full vatnsskipti verða, þar eru fæðusvæði eins og t.d. margæsa og rauðbrystings og einnig að við framkvæmdina skerðist varpsvæði æðarfugls.

6. Drög að reglum Breiðafjarðarnefndar vegna húsbygginga á verndarsvæðinu.
Dreift til nefndarmanna, frestað til næsta fundar.

7. Stagley
Frestað til næsta fundar.

8. Friðlýsing þorpsins í Flatey
Frestað til næsta fundar.

9. Heimsókn Rögnu Ívarsdóttur, form. stjórnar Náttúrustofu Vesturlands.
Kom ekki.

10. Önnur mál.

Ævar óskað eftir því að kynna tvö mál varðandi Breiðafjörð.

- Samantekt um starfsemi Breiðafjarðar sem send hefur verið WWF ásamt verndaráætluninni. Samantektinni var dreift til nefndarmanna.
- Nýleg skýrsla IUCN, Arctic Task Force, en Ævar telur þar alvarlegar rangfærslur um verndarsvæði Breiðafjarðar.

Fundi slitið kl. 18:30

Breiðafjarðarnefnd

22. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 8. nóvember 2000, kl. 10:30 – 15:30

Mættir: Friðjón Þórðarson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Jóhannes G. Gíslason, Sigríður Stefánsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Jón Balddur Sigurðsson.

Fundarritari var Sigríður Stefánsdóttir

Formaður setti fundinn á Hótel Borg þar sem nefndarmenn snæddu jólahlaðborð og gengu síðan til fundar í húsakynni ráðuneytisins í Lækjargötu.

DAGSKRÁ FUNDARINS

Fundargerð 21. fundar með smávægilegum breytingum.

Drög að fundargerð 21. fundar lesin upp og samþykkt með smávægilegum breytingum og þeim fyrirvara að dagskráratriðum sem frestað var á fundinum og fram koma í fundargerð verði tekin fyrir síðar í framhaldi af því. Nefndin óskar eftir að ritari ítreki óskir sínar við Vegagerð ríkisins sbr. bréf hennar dags 29. september um að Breiðafjarðarnefnd fái í hendur umbeðnar rannsóknarskýrslur.

Fundur með ráðherra.

FP greindi frá fundi 20. október 2000, þar sem hann og ritari nefndarinnar áttu með ráðherra varðandi málefni Breiðafjarðarnefndar.

Forgangsröðun Verndaráætlunar Breiðafjarðarnefndar

Nefndarmenn fóru yfir innsent bréf ÆP dags 17. október 2000 til nefndarmanna þar sem listuð eru upp verkefni úr Verndaráætluninni í forgangsröð. ÆP dreifir blaði um viðurkennda "flokkan vistgerða" aðferðafræði sem notað er í dag til að vinna umhverfismat og nota mætti við skipulag Breiðafjarðar í þessa veru. Nefndarmenn yfirfóru forgangslistann og skiptust á skoðunum. Nefndarmenn urðu sammála að nota forgangslista ÆP, forgang 1, færa liði 1.2 og 1.3 endurskoðun laga saman og taka út lið 3.2.1 fornleifaskráning.

Ritari tók að sér að setja saman greinargerð úr Verndaráætluninni fyrir forgang 1.

Nefndarmenn skiptu með sér að fara yfir væntanlega greinargerð eftir verkþáttum:

ÆP yfirfer náttúrufarsþætti greinargerðarinnar.

GP yfirfer varðandi ferðaþjónustu og umhverfisfræðslu og umræðu um

Heimsmínjalistann í greinargerðinni.

ÞH yfirfer lög og reglur og skipulagsþætti greinargerðarinnar.

MS yfirfer menningarminjar greinargerðarinnar.

Formaður gengur frá bréfi sem senda megi með forgangslistanum til ráðuneytisins.

Nefndarmenn sammála um að endanleg drög að bréfi til ráðuneytisins vegna

forangangsröðunar Verndaráætlunar Breiðafjarðar muni liggja frammi á næsta fundi.

Innsend erindi.

Heilbrigðiseftirliti Vesturlands dags 13.10.2000, um kræklingarækt Sæblóms ehf, Hofstaðavogi, Helgafellssveit.

Nefndarmenn sammála tillögu ÆP að óska eftir að inn í drög að starfsleyfi lið 3.2. verði bætt við fuglalífi.

Nefndarmenn sammála um að óska eftir því að komi til útgáfu endanlegs starfsleyfis síðar meir þá fái Breiðafjarðarnefnd erindið til umsagnar. Samhliða þessu gerir nefndin athugasemdir við að hafa ekki fengið sent til umsagnar kræklingarækt Sæblóms ehf í Kolgrafafirði.

Önnur mál.

Nefndarmenn létu í ljós vilja sinn um að Verndaráætlun Breiðafjarðar yrði síðan sett inn á heimasíðu ráðuneytisins almenningi til upplýsingar.

Formaður vék að áður frestuðum dagskrárliðum 20. fundar nefndarinnar.

Drög að reglum Breiðafjarðarnefndar vegna húsbygginga á verndarsvæðinu.

Nefndarmenn vilja vekja athygli sveitastjórna á að liggja ekki fyrir deiliskipulag á viðkomandi stað þá þurfi umsögn Breiðafjarðarnefndar á fyrirhuguðum byggingum. Nefndarmenn sammála um að bréf verði sent byggingarfulltrúum og sveitarstjórnnum á svæðinu. Bréfitun þessari er frestað til næsta fundar enda muni þá vinnureglur um byggingu húsbygginga á svæðinu liggja fyrir.

Stagley.

Afla gagna fyrir næsta fund um allt það er snýr að eynni og þeim afgreiðslum sem nefndin hefur þá þegar gert.

8. Starfsaðstaða nefndarinnar.

Formaður fór yfir stöðu mála og nefndi samtöl sín við Rögnu Ívarsdóttur formann stjórnar Náttúrustofu Vesturlands. Einnig nefndi FÞ að hann hefði viðrað áhyggjur sínar þessa efnis við ráðherra.

GP tók að sér að ræða við forsvarsmann Sæferða ehf, Kristján Jónsson varðandi stöðu á leyfi þeirra til siglinga um Breiðafjörð. (*Fundur var í ráðuneytinu í sept. með forsvarsmönnum Sæferða og formanni villidýranefndar. Málið er í farvegi*)

Næsti fundur fyrirhugaður föstudaginn 24. nóvember kl: 10:00 í Vonarstræti.

Fundi slitið kl 15:30.

Breiðafjarðarnefnd

23. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 24. nóvember 2000, kl. 10:00 – 14:00

Mætt: Friðjón Þórðarson, Guðríður Þorvarðardóttir (vék af fundi), Þórólfur Halldórsson, Ævar Petersen, Jóhannes Gíslason, Magnús A. Sigurðsson.

Friðjón setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Hann bað Þórólf að rita fundinn þar sem Sigríður Stefánsdóttir væri fjarstödd og Guðríður þyrfti að víkja af fundi.

1. Fundargerð 21. fundar.

Friðjón las fundargerð síðasta fundar. Gerðar voru á henni smávægilegar lagfæringar og hún samþykkt svo breytt.

2. Fulltrúi Snæfellinga.

Jón Baldur Sigurðsson sem setið hefur í Breiðafjarðarnefnd fyrir Snæfellinga hefur nú látið af störfum við Náttúrustofu Vesturlands og tekið við nýju starfi í Sandgerði, og hætt setu í Breiðafjarðarnefnd. Upplýst var að Róbert Róbertsson dýrafræðingur hefði verið ráðinn til Náttúrustofu Vesturlands í stað Jóns Baldurs, en alls óvíst væri hvort hann eða hver tæki sæti Snæfellinga í Breiðafjarðarnefnd.

3. Fundur formanns með ráðherra.

Friðjón vék að fundi sínum 20. október sl. með umhverfisráðherra, þar sem hann gerði ráðherra grein fyrir því að nefndin gæti lítið starfað miðað við núverandi fjárveitingar og að ráðherra hafi engin loforð gefið um frekari fjárveitingar að svo stöddu.

4. Húsnæðismál nefndarinnar.

Guðríður greindi frá för FÞ, ÞH, ÆP og GÞ í ný húsakynni Náttúruverndar ríkisins að Skúlagötu 21, 8. nóv. sl. Þar var rætt við Árna Bragason um möguleika á því að nefndin fengi aðstöðu í hinum nýju húsakynnum Náttúruverndar. Árni sýndi það húsnæði sem til greina gat komið og gerði útreikninga á því hvað herlegheitin myndu kosta. GÞ kynnti þá útreikninga, sem eru fyrir eitt skrifstofuherbergi, aðgang að fundarherbergi og starfsmann í 10% starfi, og er áætlaður kostnaður kr. 300.000 á ári. Einnig gæti komið til greina að vista nefndina hjá Náttúruverndarráði, í sömu húsakynnum. Þar væri Þröstur umhverfishagfræðingur ritari og gæti hugsanlega einnig sinnt því fyrir Brfj.nefnd. Málið þyrfti að ræðast við Kolfinnu, formann Náttúruverndarráðs.

Enn ber að sama brunni með það að umhverfisráðuneytið hefur ekki svarað bréfum nefndarinnar formlega um hvort það sé raunverulega ætlun ráðuneytisins að breyta því fyrirkomulagi að vista nefndina í umhverfisráðuneytinu, og ef svo, þá hvar. Ljóst er hins vegar að slík vistaskipti yrðu dýr fyrir nefndina, kr. 3-500.000 viðbótarkostnaður á ári, auk stofnkostnaðar við að koma nefndinni fyrir.

5. Fundur í Skipulagsstofnun.

Friðjón greindi frá fundi sínum og Þórólfs með Stefáni Thors skipulagsstjóra ríkisins 9. nóvember sl. Á fundinum var Stefáni afhent eintak af verndaráætluninni, og rætt með hvaða hætti væri best að standa að því að hrinda af stað vinnu við gerð svæðisskipulags fyrir verndarsvæðið. Stefán taldi best að leita eftir sérstakri fjárveitingu frá Alþingi í þessu skyni, en nú væri fyrirvari orðinn of skammur vegna fjárlaga næsta árs. Hann kvað Skipulagsstofnun reiðubúna að aðstoða nefndina við undirbúning málsins s.s. við að halda fund með fulltrúum þeirra sveitarstjórna sem að málinu koma. Þá tók hann við drögum nefndarinnar að vinnureglum varðandi veitingu byggingarleyfa á verndarsvæðinu og ætlaði að láta sitt fólk yfirfara þau. Þá hittu FÞ og ÞH að máli Unnstein Gíslason sem hefur m.a. haft með Breiðafjarðar-svæðið að gera hjá Skipulagsstofnun.

Hér vék GÞ af fundi.

6. Fjárlagatillögur.

Friðjón las drög að bréfi sínu til umhverfisráðherra vegna fjárlagatillagna og rökstuðning með því.

Farið var ítarlega yfir þau drög að greinargerð með fjárlagatillögum sem ÆP, MS, GÞ og ÞH höfðu unnið og lagt fyrir fundinn.

Þá var farið yfir drög ÞH að bréfi til menntamálaráðherra og umhverfisráðherra varðandi tillögu um tilnefningu verndarsvæðis Breiðafjarðar á Heimsminjalistann.

GÞ, ÆP og ÞH falið að ljúka samhæfingu á texta til útsendingar með fjárlagatillögum og ÆP tók að sér að taka þetta saman í bréf.

7. Svæðisskipulag.

Samantekt ÞH 24/11/00 um svæðisskipulagið lögð fram og rædd. Nefndin er sammála um nauðsyn þess að svæðisskipulag fyrir verndarsvæðið í heild verði unnið.

8. Lagabreytingar.

Samantekt ÞH 24/11/00 um breytingar á 2. gr. og 7. gr. laga um vernd Breiðafjarðar lögð fram og rædd. Nokkur umræða varð um hugmyndirnar, og var nefndin sammála um að útvíkkun á ytri mörkum verndarsvæðisins væri nauðsynleg, ekki síst til að ná til helstu menningarminja á landi sem tengjast Breiðafirði. Samþykkt var að leggja til að mörk verndarsvæðisins til landsins væru dregin við 300 metra frá stórstraumsflæðarmáli, en þó aldrei skemmra en 250 metra.

Næsti fundur fyrirhugaður um miðjan desember.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 14.00.

Breiðafjarðarnefnd

24. fundur haldinn að Vonarstræti 4, Reykjavík, 18. desember 2000, kl. 11:30 – 16:00

Mættir: Friðjón Þórðarsson, Ævar Petersen, Þórólfur Halldórsson, Guðríður Þorvarðardóttir, Sigurður Þórólfsson, Guðmundur Ólafsson, Trausti Tryggvason, Sigríður Stefánsdóttir, ritari.

Formaður setti fundinn á Hótel Borg þar sem nefndarmenn snæddu jólahlaðborð og gengu síðan til fundar í húsakynni ráðuneytisins í Lækjargötu.

Fyrir fundinum liggur dagskrá:

1. Fundargerð 23. fundar samþykkt.

2. Svarbréf við ítrekun á bréfi til Vegagerðar ríkisins dags. 10/11 2000.

Formaður yfirför innihald bréfsins fyrir fundinum.

3. Ferðareikningar

Formaður bað nefndarmenn að ganga frá ferðakostnaðareikningi við ráðuneytið svo ganga mætti frá greiðslum til nefndarmanna. Ráðuneytinu verður sent yfirlit yfir fjölda fundartíma í nefndinni nú allara næstu daga.

4. Starfsleyfi fyrir kræklingarækt Hofstaðavogi.

Formaður yfirför bréf Heilbrigðiseftirlits Vesturlands dags. 24/11 2000 um starfsleyfi fyrir kræklingarækt Hofstaðavogi. Nefndarmenn voru ánægðir með afgreiðslu erindisins.

5. Efnistaka af sjávarbotni, Grundarfirði og lenging Stórubryggju í Grundarfjarðarhöfn.

GÞ sagði frá því að hún hefði haft samband við Skipulagsstofnun ríkisins og hefði hún greint þeim frá því að nefndin kæmi saman 18.12.2000 og yrði innsendu erindi svarað í framhaldi af því. GÞ lagði fram umsagnir við erindi þessu frá Skipulagsstofnun ríkisins frá eftirtöldum:

Náttúruvernd ríkisins 23/11 2000

Sveitarstjórnin í Grundarfirði 22/11 2000

Hafrannsóknarstofnun 28/11 2000

Þjóðminjasafn Íslands 27/11 2000

Fram kom í umfjöllun nefndarmanna að upplýsingar vantaði í gögn málsins um *botndýralíf*. Í umsögn Hafrannsóknarstofnunar er þáttur botndýralífs ekki tekin fyrir. Afgreiðsla:

Nefndarmenn álita að ofangreind framkvæmd eins og henni er list í gögnum málsins sé háð mati á umhverfisáhrifum sbr. b lið, iii, 2. t.l. 3. viðauka sbr. 2 viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

6. Svarbréf umhverfiráðuneytisins dags. 18/12 2000 við bréfi Breiðafjarðarnefndar dags 29/09 2000.

Nefndarmenn ræða efnisinnihald bréfsins og telja að með óbreyttu fjármagni gerist lítið í þessum málum. Nefndarmenn óhressir með afgreiðslu ráðuneytisins og skilja ekki hvers vegna nefndinni hafi ekki verið áætlað aukið fjármagn á fjárlögum svo hægt verði að hrinda einhverjum verkefnum Verndaráætlunarinnar í framkvæmd. Afgreiðsla: Formanni og varaformanni falið að ganga frá bréfi og ræða við ráðherra um að hann leggi nefndinni til fjármagn af ráðstöfunarféi ráðuneytisins. Nefndin óski eftir því við ráðuneytið að það standi fyrir útgáfu á Verndaráætlun Breiðafjarðar.

7. Önnur mál.

Ritara þökkuð störf í þágu nefndarinnar.

Fundi slitið kl: 16:00